



## *Samkomuhús - samkomusalir*

### Leiðbeiningar fyrir eigendur/umráðamenn og leigjendur samkomusala

Leiðbeiningar þessar eru hugsaðar til að vernda líf, heilsu fólks, umhverfi og eignir gegn eldsvoða. Þessi forgangsöröðun er í samræmi við lög um brunavarnir nr. 75/2000 og leiðarljós slökkviliðsins að gæta almannaheilla. Leiðbeiningarnar eru hugsaðar fyrir alla þá sem eiga, reka eða leigja samkomusali.

### **Allir samkomusalir skulu vera samþykktir af byggingarfulltrúa og vera samkvæmt samþykktum aðaluppdráttum.**

Reglur sem þarf að hafa í huga og vísa í verklagsreglur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins um tækifærisskemmtanir eru:

- Tækifærisskemmtanir eru háðar leyfi lögreglustjóra samkvæmt lögum um veitinga- og gististaði nr. 67/1985 og veitir slökkviliðsstjóri umsögn um eldvarnir áður en leyfi er veitt.
- Samkvæmt lögum um brunavarnir nr. 75/2000 ber eigandi mannvirkis meginábyrgð á að það fullnægi kröfum um brunavarnir og að þær taki mið af þeirri starfsemi sem fram fer í byggingunni á hverjum tíma. Því skal eigandi eða eftir atvikum forráðamaður viðkomandi húsnæðis tryggja að eldvarnir séu í lagi og í samræmi við fyrirhugaða notkun.
- Skemmtanahald er ekki heimilt í byggingu eða hluta hennar nema hún uppfylli grunnákvæði 107. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998 um eldvarnir í samkomuhúsum; þá er aðallega horft til innanhúsklæðningar, brunahólfana, út- og neyðarlýsingar, slökkvibúnaðar og sjálfvirktrar brunaviðvörunar. Einnig að flóttaleiðir séu samkvæmt 10. kafla reglugerðarinnar um umferðarleiðir og ákvæði 132. gr. um brunamótstöðu burðarvirkja.
- Eigendur eða forráðamenn skulu upplýsa ábyrgðaraðila fyrirhugaðrar skemmtunar um eldvarnir og öryggisatriði, t.d. hversu marga gesti og starfsfólk húsnæðið er samþykkt fyrir, niðurröðun borða og stóla, notkun á efnunum til skreytinga, ekki megi teppa hugsaðar flóttaleiðir o.s.frv. Ofangreindar upplýsingar skulu vera formlegar og má finna þar til gert eyðublað á heimasíðu slökkviliðsins, [www.shs.is](http://www.shs.is).
- Stundum er óskað eftir því að nota byggingar eða hluta byggingar þar sem eldvarnir eru verulega takmarkaðar með tilliti til fyrirhugaðrar notkunar. Þetta getur t.d. verið vegna takmarkaðra flóttaleiða, brennanlegra innanhúsklæðninga, vöntunar á brunaviðvörunarkerfi og/eða út- og neyðarlýsingar.

- Skemmtanahaldari er oft í samskiptum við forvarnasvið SHS vegna fyrirhugaðrar uppákomu en það er eigandi/forráðamaður húsnæðisins sem ber alla ábyrgð á eldvörnum byggingar samkvæmt lögum um brunavarnir nr. 75/2000. Með forráðamanni, sé hann annar en eigandi, er átt við þann sem er með húsnæði í fastri leigu, ekki þann sem leigir húsnæði til skamms tíma.

**Mikilvægt er að haft sé samband við slökkvilið tímanlega ef vafi leikur á um að samkomusalur uppfylli skilyrði um brunavarnir.**

Dæmi um atriði sem skoða á áður en skemmtun fer fram.

- Eru flóttaleiðir samkvæmt teikningu og greiðfærar?
  - Eru dyr og björgunarop opnanleg innanfrá án lykils eða verkfæra?
  - Eru útljós sílogandi?
  - Eru slökkvitæki og brunaslöngur aðgengileg?
  - Lokast brunahólfandi dyr hindrunarlaust og eru pumpur virkar?
  - Er neyðarlýsing til staðar og prófuð reglulega?
  - Er brunaviðvörðunarkerfi yfirfarið af viðurkenndum þjónustuaðila?
  - Er vatnsúðakerfi virkt, tengt þjónustuaðila og prófað reglulega?
  - Eru reykskynjarar virkir?
  - Er ruslöfnun í lágmarki og allt umfram rusl fjarlægð?
  - Er til viðbragðs- og rýmingaráætlun?
  - Hefur viðbragðs- og rýmingaráætlun verið kynnt leigutaka?
  - Hefur leigutaki séð gátlista og er ábyrgð hans á brunavörnum staðfest?
  - Er byggingin samkvæmt samþykktum teikningum?
- SHS áskilur sé fullan rétt til að hafa eftirlit með undirbúningi skemmtanahalds og setja öryggisvakt ef ástæða er til. Þetta byggir á heimild í 29. og 30. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 með síðari breytingum. Innheimt er fyrir kostnaði sem af þessu hlýst samkvæmt gjaldskrá SHS.
  - Forvarnasvið SHS hefur það að meginmarkmiði að tryggja öryggi fólks og við erum ávallt reiðubúin til að aðstoða svo að það verði. Leitið því til okkar ef einhverjar spurningar vakna vegna fyrirhugaðrar samkomu.

---

Jón Viðar Matthíasson  
slökkviliðstjóri